

Þingskjal nr.

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Tillaga:

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október, 2014 hvetur stjórn LH til að gera könnun, eða láta gera könnun, á því hversu miklum fjármunum hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta er að skila þjóðarbúinu á ársgrundvelli.

Greinargerð:

Ljóst má vera að hestamennska sem atvinnugrein eða sport er á engan hátt að uppskera eins og hún sáir til í þjóðarbúskapnum. Nauðsynlegt er að fá vissu fyrir því hvað greinin er að skapa þjóðarbúinu miklar tekjur á ársgrundvelli.

Stórlega vantar t.d. upp á að reiðvegir séu í ásættanlegu ásigkomulagi. Hætta er á að takmarka þurfi umferð um sumar leiðir vegna ástands þeirra eða jafnvel loka.

Geta má þess að árið 2003 var reiðvegafé af vegaáætlun 39. m.kr. Í ár er reiðvegafé af vegaáætlun 60. m.kr. Hefði reiðvegafé fylgt þróun byggingarvísitölu á tímabilinu þá væri reiðvegafé af vegaáætlun 101,5 m.kr.

Í skýrslu nefndar Samgönguráðherra frá í febrúar 2003, nefndar um viðbótarfjáröflun til reiðvega segir m.a. að:

Kannanir Ferðamálaráðs 2001 sýndu að um 20 % þeirra erlendu ferðamanna sem komu til landsins að sumarlagi fóru í hestaferðir. Að vetrarlagi er hlutfallið lægra en þó á bilinu 8-14%. Samkvæmt niðurstöðum Ferðamálaráðs og Hagstofunnar þá námu gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum árið 2001 37,7 ma.kr. Þar af voru tekjur vegna hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu 7,5 ma.kr.

Séu þessar niðurstöður framreiknaðar til árs 2014, þegar stefnir í að ein milljón erlendra ferðamanna sæki Ísland heim, þá er ljóst að tekjur af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu nema amk. 20. - 25. ma.kr. á ársgrundvelli.

Afar brýnt að stjórn LH hlutist til um að snúa við þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár. Að fjárframlög hins opinbera til reiðvega og annarra þátta hestamenskunnar rýrni ekki stöðugt frá ári til árs, heldur verði aukið verulega frá því sem er í dag.